


„Þær sendu mér heilt stígvél af bjór..."

REYNT AÐ GERA G ER MAÐUR TIL"

S HALLDÓRSSON Í HELGARVIÐTALI VÍSIS

finn ekki betur en þessu sé þveröfugt farið.

Ef við lítum yfir tíðina þá eru þau orðin ansi mörg lögin sem ég hef gert og ekkert þeirra orðið til í fyllerii. Þú sérð að ég hef ekki alltaf verið á því", segir Sigfús og hlær dátt. Hann verður brátt alvarlegur aftur og segir:

„Nei, staðreyndin er sú, að ef eitthvað var þá eyðilagði maður frekar með þessu en hitt. Þetta er nefnilega blekking og ekkert annað. Ef maður er ekki glaður í sinni þá veitir áfengið ekki þá gleði sem sóst er eftir. Ég tel það gæfu mína að hafa náð tökum á þessum málum, enda var mín drykkja ekki orðin mér annað en dauði og pína.

Ungt og hresst fólk neytir áfengis án þess að hugsa lengra. Svo þegar námi lýkur, eða öðru takmarki í lífinu er náð, kemur í ljós hverjir eru orðnir háðir vininu og hverjir ekki. Þeir sem ekki hafa ánetjast hætta öllu óhófi því eðlilegur maður nennir ekki að standa í fylleríi alla ævina".

Sigurför til Vesturheims

Við vendum nú okkar kvæði í kross og færum okkur um set frá löngu tæmdum bikurum. Þeir félagarnir Sigfús og Guðmundur Guðjónsson söngvari fengu boð á liðnu vori um að koma til Bandaríkjanna og Kanada og syngja og leika fyrir landann þar vestra. Þeir ferðuðust vikum saman um víðáttur Vesturheims stranda í milli og héldu tónleika á einum 25 stöðum fyrir utan smærri skemmtanir.

Viðtökurnar voru með fádæmum góðar. Má nefna sem dæmi að þeim var boðið til þinghússins í Winnipeg og kynntir þingheimi sem fagnaði þeim með því að klappa. En Sigfúsi er fólkið minnisstæðast, gamalt fólk sem aldrei hafði til Íslands komið en talaði íslensku eins og innfætt og fagnaði þeim sem langþráðum gestum að heiman.

Þeir komu að Markerville hvar skáldið Stephan G. Stephansson bjó og sú heimsókn hafði djúp áhrif á Sigfús. Þeir komu þangað síðla dags og næsta dag var farið að gröf Stephans.

Við gröf Stephans G.

„Á legstein skáldsins er greypt þessi setning:

„Ættjarðarböndum mig grípur hver grund
sem grær kringum
Íslendingsbein".

Eftir að við fórum frá gröfinni og höfðum skoðað hús Stephans sem nú er verið að endurbyggja, þá kvöddum við þetta hægláta sveitafólk við kirkjugarðinn sem heitir Tindastóll, eins og hús skáldsins. Í þessum kirkjugarði lifði ég einhvern veginn ljóðlínuna á legsteininum, þótt ég hefði auðvitað lesið hana áður á bók.

Þarna í garðinum voru bara Íslendingar grafnir og þá fyrst skynjaði ég áþreifanlega þetta óendanlega band sem aldrei slitnar og má aldrei slitna.

Þessi ferð verður mér ógleymanleg og treysti enn hið góða samstarf okkar Guðmundar Guðjónssonar sem er búið að vara lengi. Hann hefur túlkað lögin mín eins og mér finnst að ég hefði gert sjálfur. Guðmundur er einn af þessum listamönnum sem ber hlýju og yl til annarra".

Tónlist í litum

Ekki verður skilist svo við Sigfús að málaralistina beri ekki á góma, en þessar tvær listagyðjur, tónlist og myndlist, hafa alla tíð átt gott samstarf í huga hans og höndum. Þeir sem hafa séð sýningu þá sem nú stendur yfir á myndum Sigfúsar að Kjarvalsstöðum sjá að þar fer enginn viðvaningur, enda er Sigfús löngu kunnur sem listmálari.

„Það er eins með málaralistina og tónlistina. Ég hef alltaf verið að föndra við að teikna og mála síðan ég man eftir mér", segir Sigfús er ég spyr hann um tildrög þess að hann fór að mála.

„Ég fór í læri til Björns Björnssonar sem var með skóla í litla húsinu sem stóð fyrir ofan landlæknishúsið við Amtmannsstíg, ásamt Marteini Guðmundssyni. Þar voru margir að læra, til dæmis Kristján Davíðsson, Jón E. Guðmundsson og fleiri góðir menn. Þarna lærði ég heilmikið, en síðan var ekki mikið um lærdóm fyrr en ég fór til London að læra leiktjaldamálun. Þetta togaðist líka dálítið á í mér, tónlistin og málaralistin, lengi vel.

Mig minnir að það hafi verið dr. Urbancic sem benti mér þá á að fara í leiktjaldamálun. Leikhúsið sameinar tónlist í ballett, óperum og óperettum og svo málun tjaldanna. Það er nefnilega hægt að drepa gott músikverk með öfugum litum.

Þegar ég hlusta á tónlist sé ég litina í henni. Við skulum bara taka Meyjarskemmu Schuberts sem dæmi, með sína ljósbláu tóna með frekar ljósu ívafi. Ef allt í einu væru komin dökk tjöld við þetta myndi það rekast á við tónlistina. Það eru litir í allri list.

Ég fór sem sagt til London og lauk prófi í leiktjaldamálun frá University of London. Ég vann þar við leikhús um tíma og síðar vann ég um eins árs skeið við Stokkhólmsóperuna, en þangað komst ég fyrir tilstilli Guðlaugs Rósinkranz. Leikhúslífið var yndislegt og má segja að það hafi verið mannlífið í hnotskurn með gleði sína og hryggð. Sömuleiðis vann ég um tíma bæði við Iðnó og síðar Þjóðleikhúsið, en hér fann ég aldrei þá gleði, sem ég leitaði og hvarf því frá þessu.

Engu að síður á ég eina sigurgöngu við leiktjöldin. Þegar þau Poul Reumert og Anna Borg komu hingað og léku Dauðadans Strindbergs málaði ég leiktjöldin við þá sýningu. Við Poul hittumst á Þingvöllum eftir að sýningum lauk og bauð mér til Danmerkur fyrir þessi tjöld, á 200 ára afmæli Konunglega. Hann sagðist hafa leikið þetta víða en aldrei fengið þessa stemmningu fyrir leiktjöldum áður. Ég þáði þetta persónulega boð hans og þótti mikill heiður".



Sigfús á 18 árinu er hann samdi sitt fyrsta lag sem gefið var út; Við eigum samleið.

Það lýgur enginn í myndlist

„Því miður virðist það oft ruglast fyrir mönnum hvað málverk er. Það er verið að klína alls konar hlutum, grjóti og öðru inn í mynd og sagt að þetta sé málverk. Það er það bara ekki.

Á samnorrænni sýningu, sem hér var haldin fyrir allnokkrum árum, var ég að skoða myndirnar með syni mínum, sem þá bar barn að aldri. Hann kom hlaupandi til mín og sagði: „Pabbi, pabbi. Það er hér ein mynd sem ekkert er á".

Það var fullt af fólki þarna og allir eltu strákinn. Myndin var svona 2 x 4 metrar að stærð, blásvört en neðst í horninu var lítill hvítur punktur. Þá varð einum viðstöddum að orði:

„Bragð er að þá barnið finnur. Þetta eru nýju fötin keisarans".

Þar með komum við aftur að þeim sannleika, að ef menn ætla að snúa sér að listum verða þeir að vera heiðarlegir. Það er hollt og gott að hafa það í huga að góð vinnubrögð eru gulls ígildi, hvort sem fólk málar bara fyrir sjálft sig eða til að sýna opinberlega.

Ég held að það ljúgi enginn í myndlist að neinu gagni. Maður sér undir eins á mynd hvort hún er gerð af alúð eða ekki. Það er eins með málaralistina og tónlistina, Hún hefur fært mér gleði og ber að þakka fyrir það. Hún hefur stytt mér stundir en ég hef aldrei reynt að gera meira en ég er maður til.

—SG

helgarviðtalið

Texti Sæmundur Guðvinsson





Myndir: Þórir Guðmundsson o.fl.